

2. fundur Dómaranefndar SSÍ starfsárið 2009 – 2010

24.10.09

Dagskrá fundarins:

- 1. Dómaralisti.**
- 2. Úrslit af sundmótum.**
- 3. Reglugerð dómaranefndar.**
- 4. Dómaranámskeið næsta starfsár.**
- 5. Umsóknir.**
- 6. FINA listinn.**
- 7. Önnur mál.**

Mættir voru: Svanhvít G Jóhannsdóttir
Ingibjörg Stefánsdóttir
Birna Björnsdóttir
Gunnlaugur Þráinsson

Fjarverandi voru: Thomas Fleckenstein og Ólafur Baldursson, þeir boðuð báðir forföll.

Fundur haldinn kl 13.00 í fundarherbergi 2. hæðar Laugardalslaugarinnar á milli hluta á EM fatlaðra í sundi þar sem flestir nefndarmenn voru að starfa á mótinu.

Frá síðasta fundi nefndarinnar þann 16.09.09 hefur í raun ekkert verið gert af því sem Svanhvít tók sér fyrir hendur að sinna vegna andláts eiginmanns hennar sem bar skjótt að og því var farið í þau mál sem rædd voru þar aftur.

1. Dómaralisti.

Ekki hefur enn verið gengið frá dómatalanum frá síðasta fundi og er það brýnt að hægt verði að ljúka því sem fyrst svo hægt sé að vinna eftir honum með því að senda út tölvupóst o.fl til dómara um störf á sundmótum. Svanhvíti falið að tala við Thomas um vinnsluna á því. Ingibjörg talaði um að hún gæti alveg hjálpað til með listann ef Thomasi finnst það of mikið. Borið hefur á því í tölvusamskiptum undanfarið að dómara hafi ekki fengið tölvupóst.

2. Úrslit af sundmótum.

Enn og aftur er minnst á úrslit af grillaramóti ÍBV og frá því síðasti fundur var haldinn hefur ekkert verið unnið í því og komst Svanhvít ekki í að klára það og verður það tekið upp aftur. Fá starfsmann SSÍ til að senda þeim póst og fá úrslit af mótinu, úrslit verði send til þeirra félaga sem áttu þátttakendur á þessu móti svo þau geti notað tíma sundkrakkana annars eru tímar ekki gildir af þessu móti.

3. Reglugerð dómaranefndar.

Frá síðasta fundi þá hefur reglugerðin verið sett á netið og eru nefndarmenn ekki alveg sáttir við hvernig þetta er sett upp þar, það þyrfti að vera linkur á reglugerðina beint svo fljótara verði fyrir fólk að prenta það út. Gunnlaugi falið að tala við Ingigerði um lagfæringar á reglugerðinni á netinu. Reglugerðin er virk frá 01.09.09.

4. Dómaranámskeið næsta starfsár.

a) Haldið var dómaranámskeið eins og áætlað var dagana 22.sept – 27.sept bóklegt og verklegt á Ármannsmótinu og gekk það vel. Klemenz tók bóklega hlutann og Birna og Gunnlaugur hjálpuðu við verklega hlutann á mótinu, alls voru 14 dómaranemar á þessu námskeiði. Ekki verður séð fram á að halda námskeið fyrir áramótin en þess í stað verða 2 dómaranámskeið sett upp eftir áramótin, 26. og 28. janúar bóklegur hluti, verklegur á Reykjavíkurmeistaramótinu og 10. og 11. maí bóklegt og verklegt í tengslum við Sparisjóðsmót ÍRB. Stefnt er á 1 yfirdómaranámskeið í tengslum við ÍM 25 og er Svanhvíti falið að tala við Ingigerði með auglýsingu á því námskeiði 16. og 17. nóvember til allra formanna félaga og senda póst á almenna dómara líka, sama fyrirkomulag verður á þessu námskeiði og því sem haldið var í fyrra. Reyna þarf að hafa verklega kennslu í 1-2 hluta í öllum eða flestum aldurshópum sundsins svo nemar fá reynslu Jafnframt þarf að senda póst til formenn félaga í hvaða og hver tilgangur dómaranámskeiða er, gjöld félaganna renna til menntunar dómara. Það á ekki að koma upp sú staða að félögin ætli sér að halda námskeiðin í tengslum við sín innanfélagsmót eins og Stjarnan gerði nú í október, þetta kom líka upp hjá þeim í s.l ár og þeim bent á að senda fólk á þau námskeið sem auglýst eru. Það var ekki hægt að hafa heldur námskeið í tengslum við sundmót SH þar sem EM fatlaðra var í gangi og flestir dómara að starfa þar.

b) Fyrirspurn barst frá Eyrúnu dómara sem dottið hafði út af listanum og þeir dómara sem detta út þar sem þeir hafa ekki haldið sínum punktum þurfa að fara á endurmenntunarnámskeið og safna 12 punktum til að halda sér inni svo þeir verði almennir dómara aftur, það þarf að skila inn 50 punktum á 2ja ára tímabili til að viðhalda réttindum. Það þarf að skoða hvenær hún dæmdi síðast og er Svanhvíti falið að skoða það með Thomasi. Einnig þurfa dómara að mæta á SSÍ mótið annars detta þau út.

c) Birna minntist á að notast hefði verið við dómaranemana á Ármannsmótinu í september sem ekki voru búnir með verklega hlutann og ræsir var ekki löglegur. Senda þarf póst til formanns Ármanns eða ræða við hann um að ekki megi nota fólk sem ekki er komið á listann né komið með réttindi til að starfa sem dómaranemar, í raun eru úrslit af þessum hluta ógild. Fá starfsmann SSÍ til að senda þeim góðlátlegar ábendingar um að ekki sé hægt að notast við hálfmenntaða dómaranema sem dómara á móti.

d) Birnu barst munnleg fyrirspurn um yfirdómaranema frá KR og dómari sem er almennur dómari í dag þarf að vinna sem almennur dómari í 2 ár og ná 100 punktum á síðustu 2 árum sem almennur dómari áður en hann getur sótt um yfirdómaranámskeið.

5. Umsóknir.

Borist hefur ein umsókn frá Eddu Guðrúnu Guðnadóttur frá UBK úr dómaranema í almennan dómara og hefur hún skilað inn 51 punkti en dómaranemi þarf að skila inn 40 punktum til að hægt sé að sækja um að komast í almenna dómara. Umsókn hennar er samþykkt og kemur Thomas til með að færa hana upp.

6. FINA listinn.

Svanhvít kemur til með að vinna í þeim lista og setja inn reglur hvað það varðar, hvaða listar eru í gangi og hverjir hafa forgang á mótið og reynt verði að vinna eftir þessu frá og með áramótum.

7. Önnur mál.

- a) Starfsmannamál á ÍM 25: Gunnlaugur, í samráði við starfsmann SSÍ ætlar að sjá um að láta senda út beiðnir til dómara um að starfa á því móti og verður sama tilhögun í gangi með vinnslu á röðun dómara í störfun eins og gert hefur verið s.l ár.
- b) FINA handbókin: Fá Ingigerði til að senda út póst til allra dómara um hverjir vilja kaupa handbókina og panta eftir því, vitað er að hún var búin að panta 5 bækur en það verður örugglega ekki nóg.
- c) Nýjar reglur – endurbætur: Leita þarf til SSÍ og jafnvel fá Ingigerði til að ræða við Ásdísi Vatnsdal um yfirllestur á nýjum reglum svo hægt verði að vinna eftir þeim og kynna þær breytingar en þær eru ekki viðamiklar aðeins orðalagi hefur verið breytt og þetta þarf að gerast sem fyrst. Svanhvít getur líka talað við Ásdísi þar sem hún er með handbókina prentaða út og búið er að bera saman við gömlu bókina og einn dómarrinn var svo almennilegur og gaf útprentunina sína þar sem hann var búin að lesa yfir og lita það sem var breytt svo ekki ætti það að taka langan tíma.
- d) Endurmenntunarnámskeið þarf að vera í kringum ÍM25 eða jafnvel RIG í janúar þegar reglurnar hafa verið þýddar / yfirfarðar.
- e) Það þarf að fá nafnalista yfir þá dómarranema sem voru á námskeiðinu í september svo hægt verði að setja þá inn á listann.
- f) Þeir dómarrar í dómarranefndinni voru einróma ánægðir með EM fatlaðra í sundi og tókst þetta vonum framur og ótrúlegt að sjá hversu margir dómarrar stóðu vaktina sumir 1-2 hluta aðrir allt mótið og það er ekki hægt að segja annað en að dómarrarnir hafi staðið sig með stakri þryði þó svo smá hnökrar hafi litið dagsins ljós fyrstu 2 daga mótsins. Við megum vera hreykin af þessum hóp sem unnu vinnuna sína með miklum sóma. Takk fyrir.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 14.45

Svanhvít G Jóhannsdóttir